

V.

Formáli { Í grafar nöpru nausti þó
Nú hvíli skipin kyr:
Aftur mun þeim á annan sjó
Eilífðar fleyta byr.

GRÍMUR THOMSEN.

Kann ské er þig að heimta hann,
—Himna skipa-vegin, —
Söm kvað eiga eilífan
Útveg hinumegin.

Berðu' það ekki undir míg,
Ekki' er ég svo fróður —
Grímur sagði' „ann sendi þig
Svona í annan róður.

Sannmælis þess sí og æ
Sigling þín skal njóta:
Þó að öðrum þeytti' í sæ
Þér var gjarnt að fljóta.

Samt er ekki að efa það
Allri trú mun skeika —
Vitið má sér óskemt að
Ímyndunum leika.

Og við skulum setja svo,
Svona muni fara.
Læt svo um það ykkur tvo
Eiga saman bara.

Mikilleik hans mattir þú:
Mátt sem hlyti að skeika,
Sem að hefði svo sem þú
Sókst við örðugleika.

Fullkomleikinn legðist að
Lífs og þroska snauður —
Væri' ann alger veiztu það —
Væri' ann líka dauður.